

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag Sandgerðisbótar, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundum sínum 19. nóvember 2002 og 17. desember 2002 samþykkt nýtt deiliskipulag smábátahafnar í Sandgerðisbót í stað skipulags sem samþykkt var í september 1986.

Helsta breytingin frá fyrra skipulagi er sú, að norðan hafnarinnar er nú gert ráð fyrir skólphreinsistöð á nýrri landfyllingu. Nokkrar breytingar verða einnig á útfærslu hafnarsvæðisins sjálfs, m.a. er gert ráð fyrir samfelldum göngustíg meðfram Glerá og smábátahöfninni, ofan á aðrennslislögn að hreinsistöðinni.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi. Jafnframt fellur deiliskipulagið frá 1986 úr gildi.

Akureyri, 11. febrúar 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalm, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta.

1. gr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum samkvæmt lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997, með síðari breytingum, og gildandi reglugerð um húsaleigubætur.

2. gr.

Heildarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta geta numið allt að 11,5% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, sbr. e-lið 11. gr. sömu laga. Tekjur er berast sjóðnum eftir 1. janúar vegna ársins á undan skulu leggjast við ráðstöfunartekjur þess árs sem hafið er.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögu til ráðherra um úthlutun framlaga. Í upphafi hvers fjárhagsárs skal liggja fyrir tillaga ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs til ráðherra um áætlað greiðsluhlutfall sjóðsins til sveitarfélaga.

Við úthlutun framlaga til einstakra sveitarfélaga skal miða við grunnfjárhæðir húsaleigubóta samkvæmt gildandi reglugerð um húsaleigubætur.

3. gr.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sveitarfélaga skulu greidd ársfjórðungslega. Greiðslurnar skulu inntar af hendi eigi síðar en 20 dögum frá lokum ársfjórðungsins, þ.e. 20. apríl, 20. júlí, 20. október og 20. janúar, ár hvert enda hafi fullnægjandi umsókn ásamt skilgrein borist sjóðnum a.m.k. 15 dögum fyrir greiðsludag.